



**24. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands haldinn miðvikudaginn 28. maí 2025 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.**

Fundinn sátu Valur Ingimundarson formaður, Erla Hulda Halldórsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Óskar J. Sandholt, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Jóna Símónía Bjarnadóttir. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Þuríður Árnadóttir fráfarandi sviðsstjóri rekstrar, Kristján Þorvaldsson sviðsstjóri rekstrar og Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. Ný stjórnarnefnd
2. Fréttir úr starfseminni
3. Ársskýrsla 2024
4. Ársreikningur og fjármál
5. Nýtt skipulag á samstarfi opinberra skjalasafna

Valur Ingimundarson formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

**1. Ný stjórnarnefnd.**

Með bréfi dags. 17. desember 2024 skipaði menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra Val Ingimundarson formann stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands og varamann hans Steinunni Valdísi Óskarsdóttur. Fulltrúar í stjórnarnefnd og starfsfólks safnsins sem sátu fundinn kynntu sig fyrir nýjum formanni.

Til máls tóku Valur Ingimundarson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Óskar J. Sandholt, Ragna Kemp Haraldsdóttir, Jóna Símónía Bjarnadóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Þuríður Árnadóttir, Kristján Þorvaldsson og Njörður Sigurðsson.

**2. Fréttir úr starfseminni.**

Þjóðskjalavörður fór yfir starfsemi Þjóðskjalasafns síðustu mánuði. Fjallað var um breytingar í starfsmannahópi, yfirfærslu verkefna frá tveimur héraðsskjalasöfnum, um styrkingu rekstrarskrifstofu sem stoðsviðs,



verkefni í stafrænni vegferð safnsins, öryggismál, átak í skjalaskráningu, erlent samstarf, húsnæðismál og miðlunar- og menningarstarf safnsins.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Valur Ingimundarson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Óskar J. Sandholt, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Kristján Þorvaldsson.

### **3. Ársskýrsla 2024.**

Þjóðskjalavörður lagði fram drög að ársskýrslu safnsins árið 2024.

Til máls tók Hrefna Róbertsdóttir.

### **4. Ársreikningur og fjármál.**

Þuríður Árnadóttir, fráfarandi sviðsstjóri rekstrar, gerði grein fyrir niðurstöðu ársreiknings Þjóðskjalasafns árið 2024 og fjárframlögum samkvæmt fjárlögum ársins 2025. Samkvæmt ársreikningi var niðurstaðan neikvæð um 141,3 m.kr. en samkvæmt skýringum í ársreikningi er hallinn minni eða 61,3 m.kr. sem verður leiðrétt árið 2025. Í fjárlögum 2025 er gert ráð fyrir að heildarfjárheimild Þjóðskjalasafns verði 1.115,1 m.kr. sem skiptist í 998,7 m.kr. til rekstrar (þar af 93,5 m.kr. sértekjur) og 116,4 m.kr. til fjárfestinga. Helstu útgjaldabreytingar eru framlag til varðveisluhúsnæðis að Sundaborg, alls 180 m.kr. 100 m.kr. af því er tímabundið framlag til hillukaupa og 80 m.kr. vegna kostnaðar við leigu. Hagræðingarkrafa alls um 13 m.kr. Jafnframt gerði Þuríður grein fyrir stöðunni í fjármálum safnsins í lok apríl 2025 og fór yfir helstu mannauðsupplýsingar.

Til máls tóku Þuríður Árnadóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir, Valur Ingimundarson, Hrefna Róbertsdóttir, Kristján Þorvaldsson og Gunnar Örn Hannesson.

### **5. Nýtt skipulag á samstarfi opinberra skjalasafna.**

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, kynnti nýtt skipulag á samstarfi opinberra skjalasafna. Á fundi opinberra skjalasafna í október 2024 var ákveðið að endurskoða samstarf opinberra skjalasafna. Skipaður var starfshópur til að gera tillögur sem voru lagaðar fram á fundum í desember og janúar síðastliðnum. Samstarfið byggir á þremur stöðum. Í fyrsta lagi eru forstöðumannafundir sem eru tvisvar á ári og fara með



æðsta vald í samstarfinu. Í öðru lagi eru sérfræði- og samráðshópar sem í sitja 3-5 starfsmenn opinberra skjalasafna og fjalla um sameiginleg mál og verkefni. Nú eru starfandi fimm sérfræði- og samráðshópar; um miðlun, skjalaskráningu, einkaskjalasöfn, rafræna skjalavörslu og undirbúningshópur um fagráðstefnu opinberra skjalasafna. Þriðja stoðin í samstarfinu er regluleg ráðstefna opinberra skjalasafna sem gert er ráð fyrir að verði á þriggja ára fresti og sú fyrsta árið 2027.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Valur Ingimundarson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15.